



Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 28. ágúst 2025

Efni: Umsögn stjórnar SSNE um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) fagnar því að hafin sé vinna við atvinnustefnu Íslands til 2035. Stjórnin vill jafnframt fagna því að í framlögðum drögum að inngangi stefnunnar komi fram vilji til þess að efla atvinnuuppbyggingu um allt land, en stjórnin telur það lykilatriði til árangurs áframhaldandi uppbyggingu Íslands í heild. Það er jafnframt mikilvægt að slík stefna byggji á traustum innviðum, fjölbreyttu atvinnulífi og jafnvægi í búsetu.

Innviðir sem forsenda sóknar

Stóra staðreyndin er sú að án traustra innviða getur byggð ekki blómstrað. Þetta á jafnt við um vegi, flug, hafnir, fjarskipti og raforku. Samfélög sem geta hvorki treyst á öruggar samgöngur, né áreiðanlega orku eða fjarskipti, geta ekki nýtt þau tækifæri sem liggja fyrir. Þá er ljóst að allt tal um loftslags- og orkuskiptamarkmið eru orðin tóm þar til innviðir hafa verið efldir til að styðja við þá umbreytingu sem þarf að eiga sér stað.

Stjórn SSNE telur því nauðsynlegt að atvinnustefnan leggi sérstaka áherslu á uppbyggingu innviða og þjónustu um land allt. Það er lykillinn að því að efla samkeppnishæfni Íslands í heild, auka framleiðni og vöxt fyrir samfélagið allt. Það er því sérstaklega mikilvægt að atvinnustefnan, sem og aðrar grunnstefnur sem miða að uppbyggingu innviða og þjónustu séu heildstæðar, fjármagnaðar og framsýnar.

Þá vill stjórn SSNE leggja áherslu á eftirfarandi atriði:



Millilandaflug um Akureyrarflugvöll

Akureyrarflugvöllur hefur sannað að hann getur staðið undir reglulegu millilandaflugi. Þá hafa nýlegar rannsóknir sýnt að uppbygging Akureyrarflugvallar sem raunverulega annars millilandaflugvallar Íslands geti margborgað sig fyrir íslenskt þjóðfélag. Þá sjást þess merki nú þegar að fjárfesting í ferðaþjónustu á svæðinu sé að aukast.

Mikilvægi skilvirkra og öruggra samgangna

Það er ákaflega mikilvægt að mikilvægir innviðir sem þjónusta íbúa og síður atvinnulíf séu skilvirkir og öryggir til að tryggja fyrirsjáanleika. Þannig má nefna dæmi um vetrarþjónustu um Dettifossveg en vegna þjónustuskorts þar tapast umtalsverð útflutningsverðmæti á ári hverju. Þá er hár flutnings- og ferðakostnaður og óáreiðanleiki í flutningum vegna vanbúinna flugvalla, vega eða hafna farinn að hafa verulega íþyngjandi áhrif á íslensk fyrirtæki og íbúa, einkum utan höfuðborgarsvæðisins.

Raforka sem vaxtarbroddur

Uppbygging raforkukerfisins er lykilatriði fyrir atvinnuuppbyggingu— hvort sem er vegna gagnavera, nýsköpunar í matvælaframleiðslu eða orkuskipta. Umtalsverð orka er til á Norðurlandi eystra sem mætti nýta í slíka atvinnuuppbyggingu en ástand raforkuinnviða hefur verið hamlandi. Það á auðvitað ekki síst við á svæðum eins og Langanesi þar sem til staðar eru mikil tækifæri til að snúa við langvarandi fólksfækkun með nýrri orkuvinnslu og uppbyggingu í Finnafirði en það er í dag ómögulegt vegna ástands raforkuinnviða. Þá má einnig nefna spennandi tækifæri til grænnar uppbyggingar bæði á Bakka við Húsavík og á Dysnesi við Eyjafjörð sem meðal annars gjalda fyrir ástand flutningskerfis raforku.

Sjálfbær matvælaframleiðsla

Á Norðurlandi eystra eru ótal tækifæri og margir sprotar í tengslum við fjölbreyttar eldisgreinar og nýtingu jarðvarma til verðmætasköpunar á sviði matvæla- og líftækniframleiðslu. Þetta er grænt vaxtarsvið sem þarf markvissan stuðning. Þá má í því samhengi benda á tækifærin sem fælust í því að byggja líforkuver á Dysnesi sem er verkefni sem mætti ýta af stað hratt og örugglega og leysa í leiðinni fjölmörg vandamál fyrir íslenska ríkið og íslenskt atvinnulíf.



Menntun sem drifkraftur atvinnulífs

Menntun og þekking eru grunnstoðir atvinnulífsins. Rannsóknir, þekkingarmiðlun og nýsköpun eru þættir sem stuðla markvisst að fjölbreyttara atvinnulífi, sjálfbærum hagvexti og aukinni framleiðni. Því er sérstaklega mikilvægt að byggja upp hágæða háskólamenntun, einkum á landsbyggðinni. Þar gegnir Háskólinn á Akureyri lykilhlutverki.

Þá er ljóst að þörfin fyrir fleiri iðn- og tæknimenntaða einstaklinga vex stöðugt og ef ætlunin er að ná markmiðum um viðvarandi og aukinn hagvöxt á Íslandi næstu árum þá er nauðsynlegt að gera uppbyggingu iðn- og tæknináms að forgangsmáli og er þar lykilatriði að styðja við t.a.m. Verkmenntaskólann á Akureyri og gera skólanum kleift að innrita fleiri nemendur.

Samhliða þessu er mikilvægt að styðja við þróun og nýsköpun utan höfuðborgarsvæðisins, t.a.m. með uppbyggingu nýsköpunar- og iðnaðarklasa þar sem auðlindirnar eru til staðar. Þá er mikilvægt að tryggja að fjármunir nýsköpunar- og rannsóknasjóða renni ekki eingöngu til verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Þar má meðal annars líta til reynslunnar af Sóknaráætlunum landshlutanna og uppbyggingasjóða þeirra.

Akureyrarborg

Stjórn SSNE telur að uppbygging Akureyrar sem borgarsamfélags sé lykilatriði til að gera Ísland aðlaðandi fyrir fjárfestingu og til að skapa fjölbreyttari búsetu- og atvinnutækifæri. Það er mikilvægt að skapa raunhæfan valkost til búsetu fyrir fólk sem kys að búa í borgarsamfélagi en vill ekki endilega búa í Reykjavík. Slík uppbygging myndi auka samkeppnishæfni Íslands umtalsvert, auk þess að auka öryggi Íslendinga.

Að lokum

Atvinnustefna Íslands verður að tryggja að innviðir landsins þjóni þörfum atvinnulífsins – en vinni ekki gegn þeim. Norðurland eystra hefur burði til vaxtar, en framtíðin ræðst af því hvort stjórnvöld sýna vilja til að fjárfesta í samgöngum, flugi, höfnum, raforku, fjarskiptum og menntun um allt land.

Til að atvinnustefna Íslands nái markmiðum sínum um fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf á landsbyggðinni er mikilvægt að skattastefna styðji við einnig uppbyggingu. Núverandi og fyrirhuguð skattlagning, s.s. veiðigjöld og boðuð skattlagning á ferðaþjónustu, leggst sérstaklega þungt á atvinnugreinar sem eru burðarásar í mörgum landshlutum. Slíkar álögur geta dregið úr alþjóðlegri samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og takmarkað svigrúm til



vaxtar á landsbyggðinni. Nauðsynlegt er að atvinnustefnan horfi til þessa og styðji við jafnræði í samkeppni, svo landsbyggðin hafi raunhæfa möguleika á sókn.

Sterk byggð gerir Ísland sterkara. Ef við ætlum okkur að standa sterk í breyttri heimsmynd, með fjölbreytt atvinnulíf, öflugar útflutningstekjur og aukinn hagvöxt, þá verðum við að tryggja að lífæðir samfélaganna okkar um land allt séu traustar. Norðurland eystra er tilbúið til sóknar – nú þurfa stjórnvöld að vera með Íslandi öllu í liði.

Virðingarfyllt,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE